

Þriðjudagurinn 28. apríl 1998 kl. 14:00

110. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 15/1998

Kvartanir Hapdrættis Háskóla Íslands yfir auglýsingum Vöruhappdrættis SÍBS

I.

Erindin

1.

Auglýsing SÍBS sem birtist 6. janúar 1998

1.1.

Samkeppnisstofnun barst erindi, þann 9. janúar 1998, frá Hapdrætti Háskóla Íslands (HHÍ). Í erindinu kvartar HHÍ yfir auglýsingu Vöruhappdrættis SÍBS (SÍBS) sem birtist í Morgunblaðinu þann 6. janúar sl. Jafnframt er í erindinu fjallað um auglýsingu HHÍ sem birtist þennan sama dag en sú auglýsing er tilefni annarrar ákvörðunar samkeppnisráðs.

Auglýsing SÍBS sem HHÍ kvartar yfir er með fyrirsögninni: „*Langhæsti vinningurinn á einn einfaldan miða er í Hapdrætti SÍBS*“. Jafnframt segir: „*Góðar fréttir fyrir þá sem vilja vinna sannleikanum samkvæmt; Hæsta vinningshlutfallið og langhæstu vinningslíkurnar. Hapdrætti SÍBS er eina stórhappdrættið sem býður átta milljónir á 700 krónur, fjórum sinnum hærra en það hapdrætti sem næst kemur.*“ Þá er í auglýsingunni m.a. samanburður á vinningum og miðaverði í flokkahapdrættum DAS, HHÍ og SÍBS.

Í erindi HHÍ segir: „*Vöruhappdrætti SÍBS birtir auglýsingu í Morgunblaðinu 6. janúar sl. þar sem vegið er að Hapdrætti Háskóla Íslands á grófari hátt en undirritaður hefur séð í auglýsingum hér á landi. Í auglýsingunni eru mjög villandi samanburðartölur um vinninga og verð miða í þrem hapdrættum þ.á.m. Hapdrætti Háskóla Íslands...*

Á þessu stigi er sérstaklega bent á fullyrðinguna: „*Hapdrætti SÍBS er eina stórhappdrættið sem býður átta milljónir á 700 krónur, fjórum sinnum hærra en það hapdrætti sem næst kemur.*“ (leturbreyting bréfitara).

Samkvæmt vinningaskrá eru hæstu vinningar á einfalda miða í HHÍ (verð kr. 700) í desembermánuði kr. 5.000.000, sem að sjálfsögðu er alls ekki fjórðungur af kr. 8.000.000.

Sýnist undirrituðum að auglýsendur hafi ekki áttað sig á því að hæstu vinningar einfaldra miða í desember eru kr. 5.000.000 í stað kr. 2.000.000 í flestum öðrum mánuðum ársins.

Óskað er eftir að umrædd auglýsing verði lagfærð og villandi upplýsingar leiðréttar.“

Erindi HHÍ var sent auglýsingastofunni Hér og nú, fyrir hönd SÍBS, samdægurs.

1.2.

Samkeppnisstofnun barst annað erindi frá HHÍ, dags. 14. janúar, þar sem ítarlegar er fjallað um auglýsingu SÍBS frá 6. janúar. Um þann hluta auglýsingarinnar þar sem segir: „*Góðar fréttir fyrir þá sem vilja vinna sannleikanum samkvæmt*“ segir í erindinu: „*Með hliðsjón af því að á þessum tíma er töluverð samkeppni á milli happdrætta og hver aðili að kynna sína vöru verður varla hjá því komist að álykta að með ofangreindri setningu sé verið að gefa til kynna að ekki starfi þeir allir sannleikanum samkvæmt.*“

Um að langhæsti vinningurinn á einn einfaldan miða sé hjá SÍBS segir í erindi HHÍ: „*Til að setja fram svona fullyrðingu þarf viðkomandi að geta séð það sem framtíðin ber í skauti sínu. Draga verður í efa að hann búi yfir þeim hæfileikum.*“

Þá eru í erindinu sett fram dæmi um ýmsa mismunandi möguleika á hæsta vinningi á einfalda miða í HHÍ og SÍBS. Jafnframt telur HHÍ að ekki megi sjá af fullyrðingunni við hvaða happdrætti verið sé að gera samanburð. Í auglýsingunni sé t.d. á einum stað gefið til kynna að um sé að ræða stórhappdrætti en meðal stærstu happdrættanna séu HHÍ, Lottó og Gullnáman. Mun minna happdrætti sé t.d. SÍBS. Þá megi með þátttöku í Lottó og Gullnámunni fá mun hærri vinninga en hjá SÍBS og fyrir lægra gjald en endurnýjunarverð flokkahappdrætta.

Hvað varðar fullyrðinguna um að hæsta vinningshlutfallið og langhæstu vinningslíkurnar séu hjá SÍBS segir HHÍ að hugtakið vinningshlutfall sé mikilvægara. Vinningshlutfall sé mælikvarði á hversu mikinn hluta tekna happdrættið greiðir til viðskiptavina. Vinningslíkur séu aftur á móti mælikvarði á það hversu margir geti hlotið vinning. Þá kemur fram að samkvæmt lögum er vinningshlutfall HHÍ a.m.k. 70% en a.m.k. 50% hjá SÍBS. Raunvinningshlutfall á árinu 1995 hafi verið 61,1% hjá SÍBS en 71,3% hjá HHÍ og síðan segir: „Það kæmi undirrituðum nokkuð á óvart ef í ljós kæmi að raungildi vinningshlutfalls í Vöruhappdrætti SÍBS hefði samkvæmt reikningum þess stökkið úr 61,1% upp í yfir 70% á sl. tveim árum...“

Um það að SÍBS sé eina stórhappdrættið sem býður átta milljónir á 700 krónur, fjórum sinnum hærra en það happdrætti sem næst komi, segir: „...skal á það bent að á einfaldan miða (endurnýjunarverð 700 kr.) má fá kr. 5.000.000 í flokkahappdrætti HHÍ í desember samkvæmt fastri vinningaskrá (ekki meðtaldir uppsafnaðir vinningar...) Að sjálfsögðu er það rangt að gefa til kynna að 4x5 m. kr. séu 8 m. kr.“

Um þá fullyrðingu SÍBS að hjá þeim sé í janúar að finna hæstu vinninga á einfaldan miða samkvæmt vinningaskrá stórhappdrættanna segir í erindi HHÍ: „Undirritaður gerir ekki athugasemd við þessa uppsetningu að því er snýr að flokkahappdrætti HHÍ.“ Jafnframt vekur HHÍ athygli á að þar sem í auglýsingunni sé vísað til stórhappdrætta fremur en flokkahappdrætta þá hafi viðskiptavinur Gullnámunnar nýlega fengið 7.500.000 kr. fyrir mun lægra gjald en nemi endurnýjunarverði í flokkahappdrættum.

Í auglýsingu SÍBS er settur fram samanburður á hvað það kosti að eiga von á hæsta vinningi hjá DAS, HHÍ og SÍBS. Um samanburðinn segir í erindi HHÍ: „Í flokkahappdrætti HHÍ eiga viðskiptavinir kost á því að kaupa einfalda miða og Trompmiða. Sérstök vinningaskrá er fyrir hvora tegund miða og kostar einfaldi miðinn kr. 700 en hinn síðari kr. 3.500 á mánuði. Í hvorri vinningaskrá er að sjálfsögðu vinningar sem teljast hæstu vinningar. Eitt af sérkennum flokkahappdrættis HHÍ er að með því að kaupa alla miða með sama tölunúmeri (fimm mismunandi bókstafseinkennum) getur viðkomandi fengið alla hæstu vinningana sem eru í boði á einu bretti ef tölunúmer hans miða dregst út. Í vinningaskrá er birt skrá yfir þær fjárhæðir sem viðkomandi viðskiptavinur gæti fengið í sinn hlut ef hann á alla miða með sama tölunúmeri. Hugtakið Níán er notað fyrir fyrirbrigðið og er það rækilega skýrt í vinningaskrá. Níán er ekki auglýst sem miði né er sú fjárhæð sem unnt er að fá í einum útdrætti auglýst

sem vinningur. Það verður því að teljast mjög villandi að fullyrða að það kosti kr. 6.300 á mánuði að hljóta hæstu vinninga í happdrætti HHÍ. Það hefði hinsvegar verið í lagi að mati undirritaðs að nefna að einfaldur miði kostaði kr. 700 í HHÍ og Trompmiði kr. 3.500.“

Jafnframt segir um framangreint: „*Þegar litið er til uppsetningar... í umræddri auglýsingu er augljóslega verið að koma röngum skilaboðum til lesenda. Saman lítur framsetningin t.d. þannig út að það kosti kr. 6.300 á mánuði að eiga kost á hæsta vinningi í happdrætti HHÍ og beint fyrir ofan þá fullyrðingu er hæsti vinningur í því happdrætti listaður sem kr. 2 milljónir, auk 800 þ. kr. í Heita pottinum.“*

Í erindi HHÍ segir síðan að orðalag hjá SÍBS sé ónákvæmt um það atriði að langlíklegast sé að vinna í því happdrætti. Ekki verði séð hvort átt sé við að langlíklegast sé að fá einhvern vinning eða hvort mestar líkur séu á því að fá vinning hjá SÍBS í samanburði við önnur happdrætti.

Þá gerir HHÍ athugasemdir við að í auglýsingu SÍBS kemur fram að það happdrætti taki ekki þátt í rekstri spilakassa. HHÍ telur að slík setning eigi lítið erindi í happdrættisauglýsingu þar sem það sé ýmislegt sem SÍBS taki ekki þátt í.

Að lokum segir að framangreind atriði auglýsingarinnar telji HHÍ að séu röng villandi og ólögleg og er þess óskað „*að Samkeppnisstofnun taki öll ofangreind atriði til umfjöllunar og grípi til viðeigandi ráðstafana gagnvart þeim aðilum sem að henni standa, telji hún tilefni til.“*

2.

Auglýsing SÍBS sem birtist 10. og 12. janúar 1998

Þann 12. janúar barst Samkeppnisstofnun erindi frá HHÍ. Þar er kvartað yfir auglýsingu SÍBS sem birtist í Morgunblaðinu 10. janúar og DV þann 12. janúar.

Auglýsing SÍBS sem HHÍ kvartar hér yfir er með fyrirsögninni: „*Styðjum sjúka og slasaða til betra lífs – stöndum saman“*. Þá segir m.a. í auglýsingunni: „*Fyrir sannleikann og lífið. Við hörmum að Happdrætti Háskóla Íslands fer með rangt mál varðandi vinninga í Happdrætti SÍBS. Verðmæti vinninga sem féllu í hlut viðskiptavina árið 1997 voru að verðmæti 256 milljónir utan*

*hönnunarvinninga. Í hverjum mánuði voru greiddir vinningar **tugir milljóna.**“*
Þá er í auglýsingunni tafla sem sýnir verðmæti vinninga hjá SÍBS á árinu 1998.

Af erindinu má ráða að HHÍ telji þessa auglýsingu SÍBS vera svar við auglýsingu HHÍ sem birtist 9. janúar og fjallað er um í annarri ákvörðun samkeppnisráðs. Í erindinu segir m.a.: „...*auglýsing Vöruhappdrættis SÍBS... gefur ótvírætt til kynna að farið hafi verið með rangt mál í auglýsingum HHÍ að því er varðar heildarvinninga sem féllu í hlut viðskiptavina Vöruhappdrættis SÍBS á árinu 1997. Engin slík auglýsing hefur verið birt á vegum HHÍ. Er þess hér með krafist að birting nefndrar auglýsingar Vöruhappdrættis SÍBS verði þegar stöðvuð.*“

Í erindinu bendir HHÍ einnig á að í auglýsingum birti SÍBS gjarnan heildarverðmæti vinninga og miði þannig við að allir miðar seljist. HHÍ birti aftur á móti reynslutölur um hversu mikið hafi verið greitt til viðskiptavina. Jafnframt kemur fram að HHÍ geri ekki athugasemdir við þessa framsetningu SÍBS.

II.

Málsmeðferð

1.

Þann 12. janúar sendi Samkeppnisstofnun fyrrnefnd erindi HHÍ, dags. 9. og 12. janúar, SÍBS til umsagnar. SÍBS var veittur frestur til hádegis 15. janúar til að svara erindunum. HHÍ var jafnframt upplýst um að erindin hefðu verið send SÍBS.

2.

Við þessum erindum barst svar, dags. 15. janúar, frá Páli Arnóri Pálssyni hrl. fyrir hönd SÍBS. Þar er athugasemdum HHÍ mótmælt sem röngum.

2.1.

Auglýsing SÍBS sem birtist 6. janúar 1998

Í svarinu er fyrst fjallað um auglýsingu SÍBS frá 6. janúar. Um það atriði að SÍBS bjóði fjórum sinnum hærra vinning fyrir 700 kr. en það happdrætti sem næst kemur segir: „*Fullyrðingin er sönn. Hún er ekki villandi, heldur þvert á móti upplýsandi fyrir neytendur sem fengið höfðu misvísandi upplýsingar í auglýsingum og kynningum HHÍ...*“

Í fullyrðingunni felst að ef keyptur er miði í Vöruhappdrætti SÍBS, sem kostar 700 krónur, getur miðaeigandinn átt von um vinning að upphæð 8 milljónir króna. Ef keyptur er miði í Happdrætti Háskóla Íslands fyrir 700 krónur er upphæð hæsta vinnings sem miðaeigandinn á von um 2 milljónir króna og hið sama á við um Happdrætti DAS.

Ábending Happdrættis Háskóla Íslands um 5 milljón króna vinning hjá HHÍ í desember snertir ekki þessa fullyrðingu. Vegna þess að um áskriftarhappdrætti er að ræða þá þurfa neytendur að greiða einfalt miðaverð í fulla 12 mánuði til að eiga von um 5 milljón króna vinning Happdrættis Háskóla Íslands í desember...eða 8.400 kr.

Fullyrðingin stendur ein og sér og þarfnast að okkar mati ekki frekari skýringar.

Þessu til áherslu bendir SÍBS í fyrsta lagi á fyrirsögn auglýsingarinnar, um langhæsta vinninginn á einn einfaldan miða, og segir: „Einn, einfaldur miði kostar 700 krónur og einungis er hægt að kaupa einn einfaldan miða í janúar án þess að greiða fyrir miða aftur í tímann. Í öðru lagi er tafla fyrir neðan fullyrðinguna sem athugasemd hefur verið gerð við. Ofan við töfluna er nákvæm útlistun á því sem verið er að bera saman í töflunni: „Hæstu vinningar á einn einfaldan miða í janúar“. Þessi tafla styður fullyrðinguna þannig að enginn getur velkst í vafa um við hvað er átt, jafnvel ekki neytandi sem hefur enga reynslu eða þekkingu á því hvernig áskriftarhappdrætti starfa.

Hver einstök fullyrðing er rétt og upplýsandi í sjálfri sér. Saman mynda fullyrðingarnar eina heild og engin misvísandi skilaboð eru á ferðinni.

Um fullyrðinguna um hvað það kosti á mánuði að eiga von um hæsta vinning sem í boði er 1998 segir: „Þar er á ferðinni samanburður á því hvað neytendur þurfa að greiða á mánuði fyrir að eiga von um hæstu vinninga happdrættanna. Hjá DAS eru það 1.400 krónur fyrir tvöfaldan miða, hjá HHÍ 6.300 krónur fyrir trompmiða og fjóra einfalda miða til að fylla röð (eiga alla miðana sem gefnir eru út á númerinu) og hjá SÍBS 700 krónur fyrir einfaldan miða. Nákvæmlega er greint frá því hvað er verið að bera saman í yfirskrift töflunnar...“

Í svari SÍBS segir að framangreint sé tiltekið til að upplýsa neytendur eftir að HHÍ hafi látið frá sér fara villandi skilaboð. Þau skilaboð hafi m.a. komið fram í auglýsingu HHÍ 5. janúar og fjallað er um í annarri ákvörðun samkeppnisráðs. Síðan segir: „*Auglýsingu Happdrættis SÍBS 6. janúar var ætlað að draga fram staðreyndir varðandi hæsta vinning fyrir 700 kr. og hvað það kostaði að eiga von um hæsta vinning hjá viðkomandi happdrættum. Bæði atriðin eru leiðrétt í auglýsingunni.*“

3.

Auglýsing SÍBS sem birtist 10. og 12. janúar 1998

Þá er í svari SÍBS fjallað um auglýsingu sem birtist 10. og 12. janúar. Telur happdrættið ekki ljóst hvaða athugasemdir HHÍ geri við auglýsinguna en gerir ráð fyrir að þar sé vísað til þess að SÍBS hafi gefið í skyn að HHÍ hafi farið með rangt mál um heildarvinninga viðskiptavina SÍBS 1997. SÍBS rekur efni kvörtunar yfir samanburðarauglýsingu HHÍ sem happdrættið gerir athugasemd við í öðru máli og segir: „*Til þess að bregðast við þessu var algjörlega nauðsynlegt fyrir Vöruhappdrætti SÍBS að birta auglýsingu með réttum upplýsingum. Það var gert...*

Jafnvel þó menn leggi sig fram er ekki hægt að misskilja það sem stendur í auglýsingunni. Tekið er fram í texta að Happdrætti Háskóla Íslands hafi farið með rangt mál varðandi vinninga í Vöruhappdrætti SÍBS. Þetta atriði er óumdeilt. Síðan er sagt frá því hvert verðmæti útgreiddra vinninga var árið 1997 og að í hverjum mánuði væru greiddir út vinningar.

Í töflu, sem er vel skilgreind, neðar í auglýsingunni er síðan sagt frá vinningaskrá ársins 1998. Hnykk er á því að hæstu vinningar í Vöruhappdrætti SÍBS falli aldrei niður.

Samkvæmt framansögðu voru engar rangar eða villandi upplýsingar í auglýsingum Vöruhappdrættis SÍBS.“

4.

Svar SÍBS var sent HHÍ til umsagnar þann 19. janúar sl. Sama dag sendi Samkeppnisstofnun kvörtun HHÍ, dags. 14. janúar, SÍBS til umsagnar.

Samkeppnisstofnun barst bréf frá HHÍ, dags. 22. janúar, þar sem gerðar eru athugasemdir við málsmeðferð en jafnframt tekið fram að athugasemdir við svar SÍBS verði sendar síðar. Í bréfinu gerir HHÍ athugasemdir við að

Samkeppnisstofnun hafi ekki sent SÍBS álit á auglýsingu þeirra frá 6. janúar. Þá telur HHÍ að ósamræmis gæti í vinnubrögðum stofnunarinnar gagnvart HHÍ og SÍBS en slíkt sé brot á jafnræðisreglu.

5.

Í bréfi, dags. 24. janúar sl., kemur HHÍ á framfæri athugasemdum við svari SÍBS.

5.1.

Auglýsing SÍBS sem birtist 6. janúar 1998

Um auglýsingu SÍBS sem birtist 6. janúar sl. segir að röksemdir SÍBS byggist á því að skilgreina þátttökuverð í flokkahappdrættunum með mismunandi hætti eftir því hvaða hluta auglýsingarinnar verið sé að fjalla um.

Um þá fullyrðingu SÍBS að það kosti 8.400 kr. að eiga von um 5 milljóna kr. vinning hjá HHÍ segir: „Fyrir kr. 8.400 á viðskiptavinur HHÍ ekki einungis rétt á fimm milljóna króna vinningi í desember, heldur á hann möguleika á milljónavinningum í 23 útdráttum yfir árið... Af þessu leiðir að það er fásinna að halda því fram að það þurfi kr. 8.400 til að eiga von á vinning hjá HHÍ sem er hærrí en fjórðungur af átta milljónum...

Af umræddum 8.400 krónum eru aðeins 700 krónur til komnar vegna þátttöku í happdrættinu í desember. Þá og því aðeins að miðinn væri keyptur í desember myndi viðskiptavinur greiða fyrir hina 11 flokkana, án þátttökuréttar í happdrættinu fyrstu 11 mánuði ársins. Slíkt er í raun sértílvik, þar sem greiðslan fyrir flokkana 11, kr. 7.700 er í raun inntökugjald sem felur ekki í sér rétt til hlutdeildar í neinum hinna 22 útdratta sem þegar hafa farið fram í happdrættinu...

Réttilega er tekið fram að um áskriftarhappdrætti er að ræða. Það felur í sér að áskrift fyrir einfaldan miða í hverjum mánuði er 700 krónur... á þeim grunni er staðhæfingin um að hæsti vinningur fyrir 700 krónur á mánuði sé ferfalt hærrí hjá SÍBS og HHÍ ósönn. SÍBS getur ekki gert ráð fyrir að ólíkar aðferðir séu notaðar við að reikna út kostnað við þátttöku í happdrættum háð því hvort verið er að ræða um þeirra eigin rekstur eða samkeppnisaðila...“

Þá er sýnt yfirlit yfir möguleika á hæsta vinningi sem eigandi einfalds miða í HHÍ átti á árinu 1997 og segir: „Hver útdráttur er sjálfstæður og á vinningshafi

í hverjum einum útdrætti nákvæmlega sama möguleika á að hljóta hæsta vinning í næsta útdrætti og aðrir miðaeigendur...

Hér skal áréttað að í síðari drætti (sjóðsvinningar) í desember er eingöngu dregið úr seldum miðum þannig að öll sú fjárhæð sem er í boði fer til miðaeigenda sem tóku þátt í happdrættinu á því ári. Þannig gæti HHÍ með sanni fullyrt að hinir stóru sjóðsvinningar gengju örugglega út – ekkert væri flutt á milli ára. “

HHÍ gerir síðan athugasemdir við að í auglýsingum SÍBS segir: „*Hæstu vinningar í Happdrætti SÍBS falla aldrei niður. Ef þeir koma á óselda miða þá leggjast þeir við hæsta vinning næsta mánaðar.*“ Um þetta atriði segir í svari HHÍ að bæði happdrættin séu sammála um að verið sé að fjalla um áskriftarhappdrætti og „*með þetta í huga er því hér haldið fram að ofangreind fullyrðing sé **blekkjandi og í raun hreinlega röng** m.a. af eftirfarandi ástæðum:*

Þeir hæstu vinningar (sjóðsvinningar) sem ekki ganga út í síðasta mánuði (desember) árshappdrættis SÍBS falla í raun niður. Það að hæsti vinningur í fyrsta mánuði á næsta happdrættisári (næsta árshappdrætti) sé reiknaður þannig út að hann samsvari þeirri fjárhæð sem hefði getað farið út í síðasta útdrætti fyrra happdrættisárs að viðbætti einhverri ónefndri fjárhæð breytir hér engu...

Með það í huga að HHÍ hefur í desembermánuði þá sérstöðu að draga milljónavinninga (ekki endilega hæstu vinninga ársins) úr seldum miðum einum saman er því hér haldið fram að með ofangreindri fullyrðingu í auglýsingum sé verið með blekkingum að koma því á framfæri að Vöruhappdrætti SÍBS geri m.a. betur en HHÍ í útgreiðslu stórra vinninga.

Þess er hér með óskað að Samkeppnisstofnun fjalli um ofangreindan auglýsingatexta um leið og önnur atriði sem HHÍ hefur gert athugasemdir við vegna auglýsinga 10. og 12. janúar 1998.

Síðan segir: „*Vöruhappdrætti SÍBS hefur þrúfaldlega auglýst og látið koma fram í viðtölum „að allir okkar miðar eru heilmiðar – einn miði fyrir hvert númer“...Hér er augljóslega verið að reyna að koma því að að þessu sé öðruvísi háttað hjá öðrum. Sú var tíðin að til voru hlutamiðar... í flokkahappdrætti HHÍ. Útgáfa hlutamiða var hætt fyrir um 30 árum. Hér er að*

mati undirritaðs um ámælisverðan blekkingaleik að ræða sem m.a. hefur leitt til stöðugra fyrirspurna hjá HHÍ...

Eitt af eigindum flokkahappdrættis HHÍ lýtur að því að árum saman hefur flokkahappdrætti HHÍ gefið viðskiptavinum kost á því að kaupa sér nokkra miða með sama tölunúmer og þannig eiga þess kost að vinna tvöfalda, þrefalda, fjórfalda, fimmfalda, sexfalda, sjöfalda, áttfalda eða nífalda þá fjárhæð sem sá sem á einfaldan miða getu hlotið í einum útdrætti... Að sjálfsögðu er eðlilegt að þessi sérstæðu eigindi komi fram í upplýsingaefni happdrættanna...“

5.2

Auglýsing SÍBS sem birtist 10. og 12. janúar 1998

Um auglýsingu SÍBS sem birtist 10. og 12. janúar sl. segir í bréfi HHÍ að það sé réttur skilningur SÍBS að aðfinnslufni auglýsingarinnar sé að verið væri að gefa til kynna að HHÍ hafi í auglýsingum farið með rangt mál um heildarvinninga SÍBS.

Þá kemur fram í lok bréfsins að HHÍ telur að auglýsingar SÍBS hafi haft neikvæð áhrif á sölu hjá happdrættinu.

6.

Með bréfi, dags. 26. janúar, svarar SÍBS bréfi HHÍ frá 14. janúar. Þar segir m.a.: „*Fundið er að yfirskrift auglýsingar Vöruhappdrættis SÍBS... „Góðar fréttir fyrir þá sem vilja vinna sannleikanum samkvæmt“. Þessari auglýsingu Vöruhappdrættis SÍBS var ætlað að leiðrétta rangar og villandi upplýsingar sem birtust í auglýsingum og vinningaskrá HHÍ eins og áður hefur komið fram...“*

Um fullyrðinguna um að langhæsta vinning á einn einfaldan miða sé að fá hjá SÍBS segir: „*að ofangreind setning hafi að geyma réttar upplýsingar. Langhæsti vinningur á einn einfaldan miða er í Vöruhappdrætti SÍBS, um það er ekki hægt að deila og dylgjur um spádómsgáfu í því sambandi eru óviðeigandi.“*

Þá er ítrekað að til að hljóta hæsta vinning hjá HHÍ í desember þurfi viðskiptavinur að hafa greitt fyrir einn miða á mánuði allt árið. Hjá SÍBS sé aftur á móti hægt að hljóta átta milljóna króna vinning í janúar og því standist fullyrðing SÍBS.

Síðan segir: „Samkeppni flokkahappdrætta er á milli HHÍ, Vöruhappdrættis SÍBS og Happdrættis DAS. Flokkahappdrættin eru hin hefðbundnu happdrætti og skera sig verulega frá spilakössum, lottói, bingói og öðrum spilum þar sem fólk hefur vinningsvon. Í auglýsingunni er vísað í einn einfaldan miða, en verð eins einfalds miða er kr. 700 í öllum happdrættunum, og öll happdrættin þrjú, hin hefðbundnu stórhappdrætti eru tilgreind í töflunum í auglýsingunni. Efni auglýsingarinnar er í eðlilegu samhengi, og tekinn af allur vafi um hvaða happdrætti auglýsingin fjallar þar sem nöfnin eru tilgreind og orðalag auglýsingarinnar er að öðru leyti skýrt. Það er fráleitt að halda því fram að umbj. minn hafi verið að brjóta gegn rétti þeirra sem hafa á boðstólum lottó eða spilakassa.“

Um hæsta vinningshlutfallið og langhæstu vinningslíkurnar hjá SÍBS segir í svari SÍBS: „Samkvæmt auglýstri vinningaskrá HHÍ er þetta hlutfall 70% hjá HHÍ. Vinningshlutfallið er hins vegar 75,2% hjá Vöruhappdrætti SÍBS á árinu 1998...

Vinningslíkur eru mælikvarði á hversu margir vinningar eru á móti útgefnum miðum. Samkvæmt auglýstri vinningaskrá eru miðar í HHÍ 60 þúsund og vinningar rúmlega 30 þúsund. Í Vöruhappdrætti SÍBS eru miðar 75 þúsund og vinningar 75.391. Í báðum tilvikum er miðað við heilt ár.“

Þá ítrekar SÍBS að enginn eigi þess kost að fá fimm milljóna króna desembervinning í HHÍ fyrir 700 kr. heldur þurfi að greiða fyrir allt árið. Hvað varðar samanburð á því hvað það kosti að eiga von um hæsta vinning á árinu 1998 segir: „Nákvæmlega er greint frá því hvað er verið að bera saman í yfirskrift töflunnar. Þetta eru nauðsynlegar upplýsingar fyrir þá sem „vilja vinna sannleikanum samkvæmt“.“

Um þá athugasemd að í auglýsingum SÍBS komi fram að happdrættið taki ekki þátt í rekstri spilakassa segir: „Af hálfu SÍBS skiptir þetta atriði máli þar sem um er að ræða góðgerðarsamtök í þágu sjúkra og veikburða í samfélaginu. Rekstur spilakassa er þyrnir í augum margra sem vilja styðja þá sem eiga undir högg að sækja í samfélaginu, eins og skjólstæðinga SÍBS. Starfsmenn Vöruhappdrættis SÍBS hafa ítrekað orðið varir við að spurt er um hvort SÍBS taki þátt í rekstri spilakassa. Spurningarnar gefa tilefni til að ætla að einhver fjöldi fólks haldi að SÍBS taki þátt í slíkum rekstri...“

Að lokum segir: „Samkvæmt framansögðu er því andmælt að villandi upplýsingar hafi verið í auglýsingu Vöruhappdrættis SÍBS í Morgunblaðinu 6. janúar sl. Þá er langt í frá vegið að HHÍ með grófum hætti og því er hafnað að umbj. minn hafi með nefndri auglýsingu brotið gegn ákvæðum III. kafla samkeppnislaga nr. 8/1993.“

7.

Þann 2. febrúar sl. voru SÍBS og HHÍ send afrit allra gagna sem höfðu borist Samkeppnisstofnun í þessu kvörtunarmáli og happdrættunum gefið tækifæri til að koma að lokaathugasemdum eða skýringum.

7.1.

Í bréfi, dags. 5. febrúar frá HHÍ segir m.a.: „Framhjá því verður ekki komist að HHÍ býður upp á tvær tegundir miða, einfalda miða og trompmiða. Þetta hefur verið gert í yfir tuttugu ár. Í vinningaskráum hefur ávallt komið glöggt fram að vinningar sem falla á trompmiða eru fimm sinnum verðmætari en vinningar sem falla á einfalda miða... Ávallt hefur legið ljóst fyrir að verð trompmiða er fimmmfalt hærra en verð einfaldra miða...“

Þá er ítrekað að flokkahappdrætti HHÍ sé mörgum sinnum stærra en flokkahappdrætti SÍBS og DAS. Vakin er athygli á því að í auglýsingunum sé verið að bera saman peningahappdrætti (HHÍ) og vöruhappdrætti (SÍBS, DAS) en jafnframt talið að önnur peningahappdrætti komi málinu ekki við. Rakið er að SÍBS hafi á árinu 1993 sótt um leyfi til að reka spilavélar og spilakassa með vinningum í reiðufé en þeirri umsókn hafi verið hafnað. SÍBS ætti að auglýsa að um vöruhappdrætti sé að ræða hjá þeim frekar en að auglýsa að happdrættið taki ekki þátt í rekstri spilakassa.

7.2.

Í bréfi, dags. 6. febrúar frá lögmanni SÍBS kemur fram að happdrættinu finnist nóg komið að sinni og láti við svo búið standa.

III.

Álit auglýsinganefndar

Auglýsinganefnd, ráðgjafarnefnd samkeppnisráðs, hefur fjallað um kvartanir HHÍ yfir auglýsingum SÍBS á þremur fundum, þann 29. janúar, 30. mars og 21.

apríl. Ítarlega hefur verið farið yfir gögn málsins og hefur nefndin komist að eftirfarandi niðurstöðu:

1.

Með vísan til 21. gr. samkeppnislaga, telur auglýsinganefnd ástæðu til að gera athugasemd við eitt atriði í auglýsingu SÍBS sem birtist þann 6. janúar 1998 í Morgunblaðinu, með fyrirsögninni „*Langhæsti vinningurinn á einn einfaldan miða er í Hapdrætti SÍBS*“. Þessi niðurstaða grundvallast á eftirfarandi:

1. Auglýsinganefnd telur að ekki sé ástæða til að gera athugasemdir við fullyrðinguna „*Góðar fréttir fyrir þá sem vilja vinna sannleikanum samkvæmt*“. Fullyrðingin sé almennt orðuð og í henni felist ekki aðdróttun að HHÍ.
2. Auglýsinganefnd telur að það sé rétt að hæsti vinningurinn á einn einfaldan miða sé hjá SÍBS. Hjá SÍBS er hægt að vinna átta milljónir kr. á einn einfaldan miða en hjá því hapdrætti sem næst kemur er vinningurinn fimm milljónir kr. Þá telur nefndin að ekki sé hægt að bera vinninga í flokkahapdrættum HHÍ, SÍBS og DAS saman við vinninga í peningahapdrættum s.s. í Lottói og Gullnámunni sem ekki eru rekin sem flokkahapdrætti sbr. lög nr. 13/1973. Flokkahapdrættin eru sambærileg þar sem þau bjóða áskrift að ákveðnum númerum frá einum og upp í 12 mánuði á ári. Hver útdráttur krefst þess að fyrri mánuðir hapdrættisársins hafi verið greiddir. Önnur hapdrætti byggjast á einum einstökum útdrætti eða útdrætti óháðum fyrri mánuðum eða tímabilum.
3. Með hliðsjón af gögnum málsins telur auglýsinganefnd að rétt sé að áætlað vinningshlutfall SÍBS fyrir árið 1998 sé 75,2%. Það er því hærra en áætlað vinningshlutfall HHÍ fyrir 1998 sem er 70%.
4. Vinningslíkur eru mælikvarði á það hversu margir geti hlotið vinning í viðkomandi hapdrætti án tillits til verðmætis þeirra. Hjá HHÍ eru gefin út 60.000 númer. Af þeim eru það rúmlega 30.000 númer sem hreppa vinning. Hjá SÍBS eru útgefnir miðar 75.000 og vinningar alls 75.391. Auglýsinganefnd telur að miðað við fyrirliggjandi upplýsingar um fjölda vinninga og fjölda útgefnna miða hapdrættanna sé það rétt að hæstu vinningslíkur séu hjá SÍBS.
5. Í auglýsingunni er fullyrt að SÍBS sé eina stórhapdrættið sem býður átta milljónir kr. í vinning fyrir 700 kr. Það sé fjórum sinnum hærra en það hapdrætti sem næst kemur. Af gögnum málsins má sjá að þessi fullyrðing er rétt fyrir janúar eins og fram kemur í næstu töflu í auglýsingunni.

6. Í auglýsingu SÍBS er gerður samanburður á hvað það kostar að eiga von um hæstu vinninga sem í boði eru hjá DAS, HHÍ og SÍBS. Kostnaður SÍBS er sagður verð einfalds miða, kr. 700. Hjá HHÍ er kostnaður sagður kr. 6.300 sem er verð fjögurra einfaldra miða að viðbættu verði trompmiða, þ.e. allir miðar hvers tölunúmers. Auglýsinganefnd telur að þar sem skipulag happdrættanna er mismunandi sé erfitt að setja fram sanngjarnan verðsamanburð. Hjá öllum flokkahappdrættum kostar einfaldur miði 700 kr. og fyrir þá upphæð er hægt að vinna hæsta vinning á einfaldan miða í öllum happdrættunum. Í einstökum tilfellum getur síðan vinningur margfaldast eftir skipulagi happdrættanna. Með hliðsjón af þessu er sá samanburður sem settur er fram í auglýsingunni villandi þar sem ekki er verið að bera saman sambærilega hluti.
7. Auglýsinganefnd telur, sbr. lið 4 hér að framan, að það sé rétt fullyrðing að líklegast sé að fá vinning hjá SÍBS af flokkahappdrættunum. Telur nefndin að ekki sé ástæða til að gera athugasemd við orðalag auglýsingarinnar að þessu leyti.
8. Í auglýsingu SÍBS kemur fram að happdrættið taki ekki þátt í rekstri spilakassa. Auglýsinganefnd telur ekki ástæðu til að gera athugasemd við þessa fullyrðingu þar sem ekki hefur verið sýnt fram á að hún eigi ekki við rök að styðjast.

2.

Auglýsing SÍBS sem birtist þann 10. og 12. janúar 1998, með fyrirsögninni „*Styðjum sjúka og slasaða til betra lífs – stöndum saman*“, er ekki villandi. Þessi niðurstaða grundvallast á eftirfarandi:

1. Auglýsinganefnd telur að ekki sé ástæða til að gera athugasemd við að SÍBS taki fram að vinningar í því happdrætti hafi bæði verið fleiri og hærri en fram kom í auglýsingu HHÍ sem fjallað er um í áliti auglýsinganefndar í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 14/1998.
2. Í auglýsingu SÍBS er fullyrt að hæstu vinningar falli aldrei niður. Ef þeir falli á óselda miða þá leggist þeir við hæsta vinning næsta mánaðar. Auglýsinganefnd telur að þessi fullyrðing SÍBS standist. Vinningar geta flust milli happdrættisára. Þannig gangi þeir út á endanum og falli ekki niður.

IV. Niðurstöður

1.

Samkeppnisráð er í öllum atriðum sammála niðurstöðu auglýsinganefndar í máli þessu.

Með vísan til 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 sem hljóðar svo:

„Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir fallnar til að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.

Auglýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir skulu ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað er til óviðkomandi mála.“

telur samkeppnisráð að samanburður á hvað það kosti að eiga von um hæstu vinninga happdrætta, sem birtist í auglýsingu SÍBS með fyrirsögninni „Langhæsti vinningurinn á einn einfaldan miða er í Happdrætti SÍBS“, sé villandi þar sem verið er að bera saman happdrætti sem starfa eftir mismunandi skipulagi. Með vísan til 51. gr. samkeppnislaga er SÍBS bannað að birta auglýsinguna aftur óbreytta.

2.

Með bréfi, dags. 22. janúar sl., gerir HHÍ athugasemdir við málsmeðferð Samkeppnisstofnunar. Hvað þetta varðar vísar samkeppnisráð til kafla um málsmeðferð í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 14/1998 um kvartanir SÍBS yfir auglýsingum HHÍ.

V.
Ákvörðunarorð:

„Með vísan til 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og með heimild í 51. gr. sömu laga bannar samkeppnisráð Vöruhappdrætti SÍBS, Suðurgötu 10, Reykjavík, að bera saman hvað það kosti að eiga von um hæstu vinninga í happdrættum, með þeim hætti sem gert er í auglýsingu með fyrirsögninni „Langhæsti vinningurinn á einn einfaldan miða er í Happdrætti SÍBS“. Samkeppnisráð telur að verið sé að bera saman ósambærilega hluti og það er villandi.“